



ÍSLANDSSJÓÐIR



Árshlutareikningur

30. júní 2013

Íslandssjóðir hf.
Kirkjusandi 2
155 Reykjavík
kt. 690694-2719

Efnisyfirlit

A-hluti

Árshlutareikningur Íslandssjóða hf.

| | |
|--|----|
| Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra | 5 |
| Könnunaráritun óháðs endurskoðanda | 7 |
| Rekstrarreikningur | 9 |
| Efnahagsreikningur | 10 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 11 |
| Skýringar | 12 |

B-hluti

Árshlutareikningur verðbréfasjóða

| | |
|--|----|
| Rekstrarreikningur | 19 |
| Efnahagsreikningur | 20 |
| Yfirlit um breytingar á hreinni eign | 21 |
| Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða | 22 |
| Skýringar | 31 |

Árshlutareikningur fjárfestingarsjóða

| | |
|--|----|
| Rekstrarreikningur | 51 |
| Efnahagsreikningur | 52 |
| Yfirlit um breytingar á hreinni eign | 53 |
| Sérgreind sundurliðun fjárfestingarsjóða | 54 |
| Skýringar | 59 |

Skýrsla stjórnar

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Íslandssjóðir hf. er sérhæft félag á sviði eignastýringar og annast rekstur og stýringu verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestingsjóða. Íslandssjóðir starfa á grundvelli laga um hlutafélög nr. 2/1995, laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði nr. 128/2011. Íslandssjóðir hf. er dótturfélag Íslandsbanka hf. og hluti af samstæðu hans.

Árshlutareikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur árshlutareikning rekstrarfélagsins sjálfs og B-hluta sem inniheldur árshlutareikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða sem voru í rekstri félagsins. Þessi framsetning er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Í lok júní 2013 voru 19 sjóðir í rekstri hjá félaginu og nam hrein eign þeirra 113.755 milljónum króna. Þar af eru 15 verðbréfasjóðir með hreina eign að fjárhæð 99.017 milljónir króna og fjórir fjárfestingarsjóðir með hreina eign að fjárhæð 14.738 milljónir króna. Þá stýrir félagið einum sjóði sem skráður er í Lúxemborg.

Rekstur félagsins fyrstu sex mánuði ársins gekk vel og nam hagnaður af rekstri félagsins 146 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi í lok júní nam eigið fé félagsins 1.878 milljónum króna. Eiginfjárlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, var 143,4% en lögbundið lágmark er 8%.

Á aðalfundi félagsins sem haldinn var í apríl 2013 var ákveðið að greiða út arð til hluthafa sem nam 75% af hagnaði ársins 2012 eða 193 milljónum króna.

Á fyrri hluta ársins störfuðu 17 starfsmenn hjá félaginu og námu launagreiðslur fyrstu sex mánuði ársins 114 milljónum króna.

Á vettvangi félagsins hefur verið unnið að stefnumótun og vörupróun á sviði sérhæfðra fjárfestinga, einkum á sviði óskráðra hlutabréfa og fasteignaviðskipta. Hefur verið stofnuð eining sem mun sinna verkefnum á þessu sviði. Með þessu verður fleiri stoðum skotið undir rekstur félagsins.

Stjórn samþykkti að sameina Lengri skuldabréfasjóðinn, sem yfirtekinn var frá rekstrarfélagi Byrs, við Ríkisskuldabréf - Sjóð 5. Gert er ráð fyrir að sameiningu sjóðanna verði lokið í septembermánuði.

Slitastjórn Byrs sparisjóðs hefur höfðað mál gegn Íslandssjóðum og fleiri aðilum til að þola riftun á viðskiptum með skuldabréf útgefnum af Byr sparisjóði að fjárhæð 162 milljónir króna í ársbyrjun 2009 sem voru í eigu Sjóðs 1. Færð hefur verið varúðarniðurfærsla í uppgjöri Sjóðs 1 vegna þessa sem nemur fyrrgreindri fjárhæð ásamt áætluðum dráttarvöxtum. Málið er nú rekið fyrir Héraðsdómi.

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er árshlutareikningur félagsins saminn í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða, lög um fjármálafyrirtæki og ákvæði laga um ársreikninga nr. 3/2006 og gefur hann að mati stjórnar og framkvæmdastjóra glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins fyrstu sex mánuði ársins 2013.

Skýrsla stjórnar

Reykjavík, 26. ágúst 2013


Í stjórn:



Bolli Héðinsson



Erna Eiríksdóttir



Kristján Björgvinsson



Steinunn Bjarnadóttir

Framkvæmdastjóri:



Haraldur Örn Ólafsson

Könnunaráritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Íslandssjóða hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Íslandssjóða hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2013. Árshlutareikningurinn er í tveimur hlutum, A-hluta og B-hluta. A-hlutinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar fyrir rekstrarfélagið. B-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar fyrir verðbréfasjóði og fyrir fjárfestingarsjóði.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.


Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins og sjóðanna á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2013 og breytingu á handbæru fé og hreinni eign sjóðanna á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Kópavogur, 26. ágúst 2013

Deloitte ehf.


Páll Grétar Steingrímsson
endurskoðandi


Pálína Árnadóttir
endurskoðandi

Rekstrarreikningur janúar - júní 2013

| | Skýr. | 2013 1.1.-30.6. | 2012 1.1.-30.6. |
|--|-------|--------------------|--------------------|
| Rekstrartekjur | | | |
| Umsýsluþóknun | 2 | 581 | 501 |
| Fjármunatekjur | | 47 | 35 |
| Gengismunur | 2 | 36 | 32 |
| Rekstrartekjur samtals | | 664 | 568 |
| Fjármagnsgjöld | | (2) | 0 |
| Hreinar rekstrartekjur samtals | | 662 | 568 |
| Rekstrargjöld | | | |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 3 | 150 | 101 |
| Þjónustugjöld til Íslandsbanka hf. | 4 | 313 | 298 |
| Annar rekstrarkostnaður | 4 | 16 | 10 |
| Rekstrargjöld samtals | | 479 | 409 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 183 | 159 |
| Tekjuskattur | 5 | (37) | (32) |
| Hagnaður tímabilsins | | 146 | 127 |

Efnahagsreikningur 30. júní 2013

| Eignir | Skýr. | 30.6.2013 | 31.12.2012 |
|--|-----------|--------------|--------------|
| Fjárfestingar | | | |
| Verðbréf með föstum tekjum | 2,7 | 792 | 807 |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 2,8 | 911 | 818 |
| Peningamarkaðsinnlán hjá fjármálafyrirtækjum | 2,9 | 156 | 151 |
| Fjárfestingar samtals | | 1.859 | 1.776 |
| Kröfur | | | |
| Kröfur á tengd félög | 10 | 101 | 123 |
| Aðrar kröfur | | 1 | 0 |
| Kröfur samtals | | 102 | 123 |
| Aðrar eignir | | | |
| Handhafabréfs- og handveðsreikningar | 6,10 | 262 | 603 |
| Bankainnstæður | 10 | 420 | 504 |
| Aðrar eignir samtals | | 682 | 1.107 |
| Eignir samtals | | 2.643 | 3.006 |
| Eigið fé | | | |
| Hlutfé | | 25 | 25 |
| Lögbundinn varasjóður | | 6 | 6 |
| Óráðstafað eigið fé | | 1.847 | 1.894 |
| Eigið fé samtals | 12 | 1.878 | 1.925 |
| Skuldir | | | |
| Tekjuskattsskuldbinding | 14 | 0 | 2 |
| Skuldir við tengd félög | 10 | 248 | 246 |
| Reiknaðir skattar | 2,5 | 103 | 64 |
| Handhafabréfs- og handveðsreikningar | 6 | 262 | 603 |
| Aðrar skuldir | 11 | 152 | 166 |
| Skuldir samtals | | 765 | 1.081 |
| Eigið fé og skuldir samtals | | 2.643 | 3.006 |

Yfirlit um sjóðstreymi janúar - júní 2013

| | Skýr. | 2013 1.1.-30.6. | 2012 1.1.-30.6. |
|---|-------|--------------------|--------------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Hagnaður tímabilsins | | 146 | 127 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Gengishækkun verðbréfa | | (36) | (32) |
| Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta | | 110 | 95 |
| Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum | | (295) | 172 |
| Handbært fé frá rekstri/(til rekstrar) | | (185) | 267 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | | |
| Keypt verðbréf umfram seld | | (46) | (345) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | |
| Greiddur arður | 12 | (193) | 0 |
| Lækkun handbærs fjár | | (425) | (78) |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 1.107 | 1.310 |
| Handbært fé í lok tímabils | | 682 | 1.232 |

1. Starfsemi

Íslandssjóðir hf. er hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög, laga nr. 161/2002 um fjármála fyrirtæki og laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði nr. 128/2011.

Íslandssjóðir hf. er rekstrarfélag verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestastjóða.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur Íslandssjóða hf., A-hluti, er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að skráð verðbréf eru metin á markaðsverði. Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum. Íslandssjóðir hf. er dótturfélag Íslandsbanka hf. Árshlutareikningur félagsins er hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Umsýsluþóknunir

Félagið fær umsýsluþóknun fyrir rekstur verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða auk fagfjárfestastjóðs Íslandssjóða. Einnig fær félagið umsýsluþóknun fyrir IS SICAV1-Mondo í Luxembourg. Þóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs sem er ætlað að standa undir launum starfsmanna, markaðskostnaði og umsýslu við rekstur sjóðanna. Félagið fær hlutfallslega þóknun af eignasöfnum í stýringu. Að auki fær félagið árangurstengda þóknun, fari árangur ákveðinna sjóða eða eignasafna umfram skilgreind viðmið.

Gengismunur

Gengismunur er óinnleystur hagnaður eða tap af fjárfestingareignum. Matsbreytingar fjárfestingareigna sem og gengismunur erlendra mynta er færður í rekstrarreikning þegar krafa um hann myndast.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árshlutareikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegs mismunar á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt árshlutareikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar tímabilsins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og árshlutareikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Verðbréf

Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt því kaupgengi sem gildir í lok tímabilsins. Stök verðbréf eru metin á markaðsvirði í lok tímabilsins.

3. Laun og annar starfsmannakostnaður

| | 1.1.-30.6. 2013 | 1.1.-30.6. 2012 |
|--------------------------------------|--------------------|--------------------|
| Laun | 114 | 77 |
| Launatengd gjöld | 36 | 24 |
| | 150 | 101 |
| Starfsmannafjöldi á tímabilinu | 17 | 14 |

4. Þjónustugjöld og innri kostnaður

Íslandssjóðir hafa gert þjónustusamning við Íslandsbanka þar sem bankinn tekur að sér sölu og ráðgjöf hlutdeildarskírteina, markaðssetningu, regluvörslu og innri endurskoðun, auk þess að sjá um bókhald, dagleg gengisuppgjör og veita lögfræðiþjónustu. Íslandsbanki tekur jafnframt að sér vörslu eigna sjóða í rekstri hjá Íslandssjóðum. Samtals greiddu Íslandssjóðir Íslandsbanka 321 milljónir króna fyrir þjónustu og annan rekstrarkostnað á fyrstu 6 mánuðum ársins 2013.

Íslandssjóðir hafa einnig gert samstarfssamning við Auði Capital, Arctica Finance og Eignastýringu fagfjárfesta hjá Arion banka um sölu hlutdeildarskírteina og Kelduna um upplýsingagjöf á sjóðabrettinu www.keldan.is.

5. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árshlutareikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 37 milljónum króna.

| | 1.1.-30.6.2013 | | 1.1.-30.6.2012 | |
|--|----------------|------------|----------------|------------|
| | Fjárhæð | % | Fjárhæð | % |
| Hagnaður fyrir skatta | 183 | | 159 | |
| Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi | 37 | 20% | 32 | 20% |

6. Handhafabréfs- og handveðsreikningar

Handhafabréfs- og handveðsreikningar eru tilkomnir vegna innlausnar hlutdeildarskírteina úr verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum Íslandssjóða sem eru í slitameðferð. Þessar fjárhæðir hafa ekki verið greiddar út vegna þess að eigendur höfðu veðsett hlutdeildarskírteinin eða eru ekki þekktir. Sama fjárhæð er því færð til eignar og skuldar í efnahagsreikningi Íslandssjóða.

Skýringar

7. Verðbréf með föstum tekjum

| Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig: | 30.06.2013 | 31.12.2012 |
|---|------------|------------|
| Ríkisbréf | 348 | 389 |
| Íbúðabréf | 342 | 346 |
| Spariskírteini ríkissjóðs | 72 | 72 |
| Víxlar innlánastofnana | 30 | 0 |
| | 792 | 807 |

8. Verðbréf með breytilegum tekjum

| Hlutdeildarskírteini greinast þannig: | 30.06.2013 | 31.12.2012 |
|--|------------|------------|
| IS Hlutabréfasjóðurinn | 190 | 122 |
| Vanguard U.S. Ultra-Short-Term Bond Fund | 177 | 185 |
| Veltusafn | 119 | 116 |
| Eignasafn | 87 | 82 |
| Ríkissafn | 76 | 74 |
| Skuldabréfasafn Íslandssjóða | 69 | 58 |
| Ríkisskuldabréf - Sjóður 5 | 64 | 63 |
| Eignasafn - Ríki og sjóðir | 45 | 44 |
| Úrvalsvísitala - Sjóður 6 | 43 | 39 |
| Löng ríkisskuldabréf - Sjóður 7 | 34 | 33 |
| Sjóður 1A og 11A - slitasjóðir | 3 | 2 |
| | 907 | 818 |
| Hlutabréf greinast þannig: | | |
| Tryggingamiðstöðin hf. | 4 | 0 |
| | 911 | 818 |

9. Peningamarkaðsinnlán hjá fjármálafyrirtækjum

| Peningamarkaðsinnlán hjá fjármálafyrirtækjum greinast þannig: | 30.06.2013 | 31.12.2012 |
|---|------------|------------|
| Arion banki hf. | 156 | 151 |
| | 156 | 151 |

Peningamarkaðsinnlán eru reiknuð upp með áföllnum vöxtum miðað við 30. júní 2013.

10. Viðskipti við tengd félög janúar - júní 2013

| | Tekjur | Gjöld | Kröfur | Skuldir |
|---|------------|--------------|------------|--------------|
| Íslandsbanki hf. | 58 | (323) | 693 | (61) |
| Verðbréfasjóðir Íslandssjóða | 456 | 0 | 69 | 0 |
| Fjárfestingarsjóðir Íslandssjóða | 73 | 0 | 17 | 0 |
| Fagfjárfestingarsjóður Íslandssjóða | 0 | 0 | 4 | 0 |
| Glitnir hf. | 0 | 0 | 0 | (187) |
| | 587 | (323) | 783 | (248) |

Skýringar

11. Aðrar skuldir

| | 30.06.2013 | 31.12.2012 |
|--|------------|------------|
| Ógreiddur fjármagnstekjuskattur verðbréfa- og fjárfestingarsjóða | 110 | 135 |
| Ógreiddur kostnaður og þóknanir | 2 | 1 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 40 | 30 |
| | 152 | 166 |

12. Eigið fé

| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé samtsals |
|----------------------------------|-----------|--------------------------|------------------------|----------------------|
| Eigið fé 1.1.2012 | 25 | 6 | 1.710 | 1.741 |
| Greiddur arður | | | (74) | (74) |
| Hagnaður ársins | | | 258 | 258 |
| Eigið fé 31.12.2012 | 25 | 6 | 1.894 | 1.925 |
| Greiddur arður | | | (193) | (193) |
| Hagnaður tímabilsins | | | 146 | 146 |
| Eigið fé 30.06.2013 | 25 | 6 | 1.847 | 1.878 |

13. Eiginfjárlutfall

Íslandssjóðir hf. nota staðalaðferð (e. standardised approach) til að reikna eiginfjárförf sína vegna útlánaáhhættu og markaðsáhhættu. Eigið fé í lok tímabilsins er 1.878 milljónir kr. eða 71% af niðurstöðu efnahagsreikningsins. Eiginfjárlutfall rekstrarfélagsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 143,4%, en lágmarks eiginfjárlutfall er 8% samkvæmt lögum. Hlutfallið sundurliðast þannig:

| | 30.6.2013 | 31.12.2012 |
|-------------------------------|---------------|---------------|
| Eiginfjárfáttur | 1.878 | 1.925 |
| Áhættugrunnur | | |
| Vegna útlánaáhhættu | 1.133 | 1.072 |
| Vegna markaðsáhhættu | 177 | 185 |
| Vegna rekstraráhhættu | 0 | 0 |
| | 1.310 | 1.257 |
| Eiginfjárlutfall | 143,4% | 153,2% |

14. Tekjuskattsskuldbinding

| | Inneign / (skuldbinding) |
|---|-----------------------------|
| Staða 1.1.2012 | (1) |
| Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2012 | (64) |
| Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2013 | 63 |
| Staða 1.1.2013 | (2) |
| Reiknaður tekjuskattur vegna janúar til júní 2013 | (37) |
| Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2014 | 39 |
| Staða 30.06.2013 | 0 |

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

| | 30.6.2013 | 31.12.2012 |
|-------------------|-----------|------------|
| Gengismunur | 0 | 2 |
| | 0 | 2 |



ÍSLANDSSJÓÐIR



Verðbréfasjóðir

Árshlutareikningur

30. júní 2013

Íslandssjóðir hf.
Kirkjusandi 2
155 Reykjavík
kt. 690694-2719

Rekstrarreikningur verðbréfasjóða janúar - júní 2013

| | 2013 1.1.-30.6. | 2012 1.1.-30.6. |
|---|--------------------|--------------------|
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | |
| Vextir, verðbætur og arður | 3.115 | 3.330 |
| Gengismunur | 342 | (645) |
| Vaxtagjöld | (52) | (77) |
| Hreinar fjármunatekjur samtals | 3.405 | 2.608 |
| Rekstrargjöld | | |
| Umsýslupóknun | 428 | 435 |
| Annar rekstrarkostnaður | 32 | 37 |
| Rekstrargjöld samtals | 460 | 472 |
| Hagnaður tímabilsins færður á hlutdeildarskírteini | 2.945 | 2.136 |

Sundurliðun á rekstrarreikningi er í sérgreindri sundurliðun á bls. 22-23.

Efnahagsreikningur verðbréfasjóða 30. júní 2013

| Eignir | 30.6.2013 | 31.12.2012 |
|--------------------------------------|---------------|----------------|
| Fjárfestingar | | |
| Verðbréf með föstum tekjum | 83.272 | 91.211 |
| Hlutabréf | 2.242 | 1.366 |
| Hlutdeildarskírteini | 1.565 | 1.451 |
| Innlán hjá fjármálafyrirtækjum | 9.751 | 10.106 |
| Fjárfestingar samtals | 96.830 | 104.134 |
| Aðrar eignir | | |
| Handbært fé | 2.105 | 61 |
| Aðrar eignir | 431 | 74 |
| Aðrar eignir samtals | 2.536 | 135 |
| Eignir samtals | 99.366 | 104.269 |
| Skuldir | | |
| Hlutdeildarskírteini | 99.017 | 104.057 |
| Aðrar skuldir | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 0 | 64 |
| Skuldir við tengd félög | 110 | 96 |
| Aðrar skuldir | 239 | 52 |
| Aðrar skuldir samtals | 349 | 212 |
| Skuldir samtals | 99.366 | 104.269 |

Sundurliðun á efnahagsreikningi er í sérgreindri sundurliðun á bls. 24-28.

Yfirlit um breytingar á hreinni eign janúar - júní 2013

| | Samtals 2013 1.1.-30.6. | Samtals 2012 1.1.-30.6. |
|--|--|--|
| Rekstrarhreyfingar | | |
| Hagnaður tímabilsins færður á hlutdeildarskírteini | 2.945 | 2.136 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | |
| Seld hlutdeildarskírteini | 5.351 | 6.769 |
| Innleyst hlutdeildarskírteini | (12.851) | (15.748) |
| Útgreiðsla úr sjóðum í slitameðferð | (485) | (459) |
| Fjármögnunarhreyfingar alls | (7.985) | (9.438) |
| Lækkun á hreinni eign | (5.040) | (7.302) |
| Hrein eign í byrjun árs | 104.057 | 106.009 |
| Hrein eign Byr sjóða 01.06.2012 | 0 | 2.265 |
| Hrein eign í lok tímabils | 99.017 | 100.972 |

Sundurliðun á yfirliti um breytingar á hreinni eign er í sérgreindri sundurliðun á bls. 29-30.

Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða

Rekstur verðbréfasjóða

| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | Í rekstri | Í slitaferli | Samtals |
|----------------------------------|--------------|--------------|--------------|
| Vextir, verðbætur og arður | 2.996 | 118 | 3.115 |
| Gengismunur | (367) | 709 | 342 |
| Vaxtagjöld | (51) | (0) | (51) |
| Hreinar fjármunatekjur | 2.578 | 827 | 3.405 |
| Rekstrargjöld | | | |
| Umsýsluþóknun | 418 | 10 | 428 |
| Annar rekstrarkostnaður | 32 | 0 | 32 |
| Rekstrargjöld alls | 450 | 10 | 460 |
| Hagnaður tímabilsins | 2.128 | 817 | 2.945 |

Rekstur verðbréfasjóða í rekstri

| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | Ríkis- skuldabréf Sjóður 5 | Úrvals- vísitala Sjóður 6 | Löng ríkissk.br. Sjóður 7 | Heimssafn Sjóður 12 |
|----------------------------------|----------------------------------|---------------------------------|---------------------------------|------------------------|
| Vextir, verðbætur og arður | 1.220 | 7 | 969 | 6 |
| Gengismunur | (261) | 45 | (182) | 38 |
| Vaxtagjöld | (19) | (0) | (16) | (0) |
| Hreinar fjármunatekjur | 940 | 52 | 771 | 44 |
| Rekstrargjöld | | | | |
| Umsýsluþóknun | 153 | 3 | 182 | 6 |
| Annar rekstrarkostnaður | 11 | 0 | 13 | 0 |
| Rekstrargjöld alls | 164 | 3 | 195 | 6 |
| Hagnaður tímabilsins | 776 | 49 | 576 | 38 |

| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | Ríkissafn | Veltusafn | Eignasafn | Eignasafn - Ríki og sjóðir |
|----------------------------------|------------|------------|-----------|-------------------------------|
| Vextir, verðbætur og arður | 551 | 118 | 11 | 17 |
| Gengismunur | (3) | 15 | 27 | 4 |
| Vaxtagjöld | (13) | (2) | (0) | (0) |
| Hreinar fjármunatekjur | 535 | 131 | 38 | 21 |
| Rekstrargjöld | | | | |
| Umsýsluþóknun | 53 | 9 | 2 | 2 |
| Annar rekstrarkostnaður | 5 | 1 | 0 | 0 |
| Rekstrargjöld alls | 58 | 10 | 2 | 2 |
| Hagnaður tímabilsins | 477 | 121 | 36 | 19 |

Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða

Rekstur verðbréfasjóða í rekstri (framhald)

| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | Lengri skuldabréfa- sjóðurinn | Alþjóða virðis- sjóðurinn | Alþjóða vaxtar- sjóðurinn | Samtals sjóðir í rekstri |
|-----------------------------------|-------------------------------------|---------------------------------|---------------------------------|--------------------------------|
| Vextir, verðbætur og arður | 96 | 1 | 0 | 2.996 |
| Gengismunur | (57) | 8 | (2) | (367) |
| Vaxtagjöld | (1) | (0) | 1 | (51) |
| Hreinar fjármunatekjur | 38 | 9 | (1) | 2.578 |
| Rekstrargjöld | | | | |
| Umsýslupóknun | 8 | 1 | 1 | 418 |
| Annar rekstrarkostnaður | 0 | 0 | 0 | 32 |
| Rekstrargjöld alls | 8 | 1 | 1 | 450 |
| Hagnaður/(tap) tímabilsins | 30 | 8 | (2) | 2.128 |

Rekstur verðbréfasjóða í slitaferli

| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | Sjóður 1A | Sjóður 1B | Sjóður 11A | Sjóður 11B | Samtals í slitaferli |
|-------------------------------------|------------|------------|------------|------------|-------------------------|
| Vextir, verðbætur og arður | 41 | 64 | 5 | 9 | 118 |
| Gengismunur | 211 | 328 | 59 | 110 | 709 |
| Vaxtagjöld | (0) | (0) | (0) | (0) | (0) |
| Hrein fjármagnsgjöld | 252 | 392 | 64 | 119 | 827 |
| Rekstrargjöld | | | | | |
| Umsýslupóknun | 3 | 6 | 0 | 1 | 10 |
| Annar rekstrarkostnaður | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Rekstrargjöld alls | 3 | 6 | 0 | 1 | 10 |
| Hagnaður tímabilsins | 249 | 386 | 64 | 118 | 817 |

Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða

Efnahagur verðbréfasjóða

| Eignir | Í rekstri | Í slitaferli | Samtals |
|--------------------------------------|---------------|--------------|---------------|
| Fjárfestingar | | | |
| Verðbréf með föstum tekjum | 82.534 | 738 | 83.272 |
| Hlutabréf | 642 | 1.599 | 2.242 |
| Hlutdeildarskírteini | 1.566 | 0 | 1.566 |
| Innlán hjá fjármálafyrirtækjum | 9.751 | 0 | 9.751 |
| Fjárfestingar samtals | 94.493 | 2.337 | 96.830 |
| Aðrar eignir | | | |
| Handbært fé | 1.963 | 142 | 2.105 |
| Aðrar eignir | 354 | 77 | 431 |
| Aðrar eignir samtals | 2.317 | 219 | 2.536 |
| Eignir samtals | 96.810 | 2.556 | 99.366 |
| Skuldir | | | |
| Hlutdeildarskírteini | 96.667 | 2.350 | 99.017 |
| Aðrar skuldir | | | |
| Skuldir við tengd félög | 108 | 2 | 110 |
| Aðrar skuldir | 35 | 204 | 239 |
| Aðrar skuldir samtals | 143 | 206 | 349 |
| Skuldir samtals | 96.810 | 2.556 | 99.366 |

Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða

Efnahagur verðbréfasjóða í rekstri

| Eignir | Ríkis- skuldabréf Sjóður 5 | Úrvals- vísitala Sjóður 6 | Löng ríkissk.br. Sjóður 7 | Heimssafn Sjóður 12 |
|---------------------------------------|----------------------------------|---------------------------------|---------------------------------|------------------------|
| Fjárfestingar | | | | |
| Verðbréf með föstum tekjum | 31.519 | 0 | 38.399 | 0 |
| Hlutabréf | 0 | 508 | 0 | 0 |
| Hlutdeildarskírteini | 0 | 0 | 0 | 746 |
| Innlán hjá fjármálafyrirtækjum | 1.509 | 0 | 0 | 0 |
| Fjárfestingar samtals | 33.028 | 508 | 38.399 | 746 |
| Aðrar eignir | | | | |
| Handbært fé | 386 | 4 | 591 | 4 |
| Aðrar eignir | 321 | 1 | 19 | 0 |
| Aðrar eignir samtals | 707 | 5 | 610 | 4 |
| Eignir samtals | 33.735 | 513 | 39.009 | 750 |
| Skuldir | | | | |
| Hlutdeildarskírteini | 33.679 | 512 | 38.950 | 749 |
| Aðrar skuldir | | | | |
| Skuldir við tengd félög | 41 | 1 | 47 | 1 |
| Aðrar skuldir | 15 | 0 | 12 | 0 |
| Aðrar skuldir samtals | 56 | 1 | 59 | 1 |
| Skuldir samtals | 33.735 | 513 | 39.009 | 750 |
| Flokkur A: | | | | |
| Hrein eign | 33.679 | 512 | 38.950 | 749 |
| Fjöldi eininga, í þúsundum | 3.657 | 332 | 8.285 | 390 |
| Gengi sjóðsbréfa í lok tímabils | 9.209 | 1.542 | 4.701 | 1.921 |

Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða

Efnahagur verðbréfasjóða í rekstri (framhald)

| Eignir | Ríkissafn - Skuldabréf og innlán | Veltusafn | Eignasafn | Eignasafn - Ríki og sjóðir |
|---------------------------------------|--|--------------|------------|-------------------------------|
| Fjárfestingar | | | | |
| Verðbréf með föstum tekjum | 8.940 | 1.676 | 259 | 370 |
| Hlutabréf | 0 | 0 | 74 | 0 |
| Hlutdeildarskírteini | 0 | 0 | 349 | 338 |
| Innlán hjá fjármálafyrirtækjum | 5.994 | 2.034 | 26 | 89 |
| Fjárfestingar samtals | 14.934 | 3.710 | 708 | 797 |
| Aðrar eignir | | | | |
| Handbært fé | 771 | 67 | 36 | 16 |
| Aðrar eignir | 10 | 1 | 3 | 0 |
| Aðrar eignir samtals | 781 | 68 | 39 | 16 |
| Eignir samtals | 15.715 | 3.778 | 747 | 813 |
| Skuldir | | | | |
| Hlutdeildarskírteini | 15.699 | 3.774 | 746 | 813 |
| Aðrar skuldir | | | | |
| Skuldir við tengd félög | 11 | 3 | 1 | 0 |
| Aðrar skuldir | 5 | 1 | 0 | 0 |
| Aðrar skuldir samtals | 16 | 4 | 1 | 0 |
| Skuldir samtals | 15.715 | 3.778 | 747 | 813 |
| Flokkur A: | | | | |
| Hrein eign | 15.699 | 3.774 | 746 | 813 |
| Fjöldi eininga, í þúsundum | 11.236 | 3.079 | 509 | 723 |
| Gengi sjóðsbréfa í lok tímabils | 1.397 | 1.226 | 1.465 | 1.125 |

Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða

Efnahagur verðbréfasjóða í rekstri (framhald)

| Eignir | Lengri skuldabréfa- sjóðurinn | Alþjóða virðis- sjóðurinn | Alþjóða vaxtar- sjóðurinn | Samtals sjóðir í rekstri |
|---------------------------------------|-------------------------------------|---------------------------------|---------------------------------|--------------------------------|
| Fjárfestingar | | | | |
| Verðbréf með föstum tekjum | 1.369 | 0 | 0 | 82.534 |
| Hlutabréf | 0 | 36 | 25 | 642 |
| Hlutdeildarskírteini | 0 | 81 | 51 | 1.566 |
| Innlán hjá fjármálafyrirtækjum | 100 | 0 | 0 | 9.751 |
| Fjárfestingar samtals | 1.469 | 117 | 76 | 94.493 |
| Aðrar eignir | | | | |
| Handbært fé | 78 | 6 | 3 | 1.963 |
| Aðrar eignir | 1 | 0 | 0 | 354 |
| Aðrar eignir samtals | 79 | 6 | 3 | 2.317 |
| Eignir samtals | 1.548 | 123 | 79 | 96.810 |
| Skuldir | | | | |
| Hlutdeildarskírteini | 1.543 | 123 | 79 | 96.667 |
| Aðrar skuldir | | | | |
| Skuldir við tengd félög | 4 | 0 | 0 | 108 |
| Aðrar skuldir | 1 | 0 | 0 | 35 |
| Aðrar skuldir samtals | 5 | 0 | 0 | 143 |
| Skuldir samtals | 1.548 | 123 | 79 | 96.810 |
| Flokkur A: | | | | |
| Hrein eign | 1.543 | 123 | 79 | 96.667 |
| Fjöldi eininga, í þúsundum | 44 | 5 | 3 | |
| Gengi sjóðsbréfa í lok tímabils | 35.062 | 22.484 | 23.916 | |

Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða

Efnahagur verðbréfasjóða í slitaferli

| Eignir | Sjóður 1A | Sjóður 1B* | Sjóður 11A | Sjóður 11B | Samtals sjóðir í slitaferli |
|---------------------------------------|------------|--------------|------------|------------|-----------------------------|
| Fjárfestingar | | | | | |
| Verðbréf með föstum tekjum | 249 | 386 | 36 | 67 | 738 |
| Hlutabréf | 523 | 810 | 93 | 173 | 1.599 |
| Hlutdeildarskírteini | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Innlán hjá fjármálafyrirtækjum | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Fjárfestingar samtals | 772 | 1.196 | 129 | 240 | 2.337 |
| Aðrar eignir | | | | | |
| Handbært fé | 55 | 83 | 2 | 3 | 142 |
| Aðrar eignir | 30 | 47 | 0 | 0 | 77 |
| Aðrar eignir samtals | 85 | 130 | 2 | 3 | 219 |
| Eignir samtals | 857 | 1.326 | 131 | 243 | 2.556 |
| Skuldir | | | | | |
| Hlutdeildarskírteini | 776 | 1.202 | 130 | 242 | 2.350 |
| Aðrar skuldir | | | | | |
| Skuldir við tengd félög | 1 | 1 | 0 | 0 | 2 |
| Aðrar skuldir | 80 | 123 | 1 | 0 | 204 |
| Aðrar skuldir samtals | 81 | 124 | 1 | 1 | 206 |
| Skuldir samtals | 857 | 1.326 | 131 | 243 | 2.556 |
| Flokkur A: | | | | | |
| Hrein eign | 776 | 1.202 | 130 | 242 | 2.350 |
| Fjöldi eininga, í þúsundum | 44 | 85 | 27 | 61 | |
| Gengi sjóðsbréfa í lok tímabils | 17.824 | 14.186 | 4.856 | 3.999 | |

*Sjóður 1B samanstendur af:

| | Fjöldi eininga | Gengi | Hrein eign |
|------------------------------------|----------------|--------|--------------|
| Sjóður 1B, skuldabréf | 83.665 | 14.186 | 1.187 |
| Sjóðsbréf 111 | 259 | 14.186 | 4 |
| Sjóðsbréf 3 | 50 | 9.770 | 0 |
| Sjóðsbréf 4 | 107 | 6.721 | 1 |
| Vaxtabréf | 678.959 | 10,00 | 7 |
| Valbréf | 331.790 | 9,37 | 3 |
| Samtals hrein eign sjóðs 1B | | | 1.202 |

Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða

Yfirlit um breytingar á hreinni eign verðbréfasjóða

| | Í rekstri | Í slitaferli | Samtals |
|--|----------------|--------------|----------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Hagnaður tímabilsins færður á hlutdeildarskírteini | 2.128 | 817 | 2.945 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | |
| Seld hlutdeildarskírteini | 5.351 | 0 | 5.351 |
| Innleyst hlutdeildarskírteini | (12.851) | 0 | (12.851) |
| Útgreiðslur úr slitasjóðum | 0 | (485) | (485) |
| Fjármögnunarhreyfingar alls | (7.500) | (485) | (7.985) |
| Hækkun/(lækkun) á hreinni eign | (5.372) | 332 | (5.040) |
| Hrein eign í upphafi árs | 102.039 | 2.018 | 104.057 |
| Hrein eign í lok tímabils | 96.667 | 2.350 | 99.017 |

Yfirlit um breytingar á hreinni eign verðbréfasjóða í rekstri

| | Ríkis- skuldabréf Sjóður 5 | Úrvals- vísitala Sjóður 6 | Löng ríkisskbr. Sjóður 7 | Heimssafn Sjóður 12 |
|--|----------------------------------|---------------------------------|--------------------------------|------------------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | | |
| Hagnaður tímabilsins færður á hlutdeildarskírteini | 776 | 49 | 576 | 38 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | | |
| Seld hlutdeildarskírteini | 1.418 | 76 | 1.708 | 0 |
| Innleyst hlutdeildarskírteini | (2.916) | (119) | (6.225) | (15) |
| Fjármögnunarhreyfingar alls | (1.498) | (43) | (4.517) | (15) |
| Hækkun/(lækkun) á hreinni eign | (722) | 6 | (3.941) | 24 |
| Hrein eign í upphafi árs | 34.402 | 506 | 42.891 | 725 |
| Hrein eign í lok tímabils | 33.679 | 512 | 38.950 | 749 |

| | Ríkissafn | Veltusafn | Eignasafn | Eignasafn - Ríki og sjóðir |
|--|-----------|----------------|------------|-------------------------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | | |
| Hagnaður tímabilsins færður á hlutdeildarskírteini | 477 | 121 | 36 | 19 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | | |
| Seld hlutdeildarskírteini | 1.016 | 840 | 235 | 38 |
| Innleyst hlutdeildarskírteini | (978) | (2.381) | (38) | (63) |
| Fjármögnunarhreyfingar alls | 38 | (1.541) | 197 | (25) |
| Hækkun/(lækkun) á hreinni eign | 515 | (1.420) | 233 | (6) |
| Hrein eign í upphafi árs | 15.184 | 5.194 | 513 | 819 |
| Hrein eign í lok tímabils | 15.699 | 3.774 | 746 | 813 |

Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða

Yfirlit um breytingar á hreinni eign verðbréfasjóða í rekstri (framhald)

| | <u>Lengri skuldabréfa- sjóðurinn</u> | <u>Alþjóða virðis- sjóðurinn</u> | <u>Alþjóða vaxtar- sjóðurinn</u> | Samtals sjóðir í rekstri |
|---|--|--|--|---|
| Rekstrarhreyfingar | | | | |
| Hagnaður/(tap) tímabilsins færður á hlutdeildarskírteini | 30 | 8 | (2) | 2.128 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | | |
| Seld hlutdeildarskírteini | 20 | 0 | 0 | 5.351 |
| Innleyst hlutdeildarskírteini | (112) | (1) | (2) | (12.851) |
| Fjármögnunarhreyfingar alls | (92) | (1) | (2) | (7.500) |
| Hækkun/(lækkun) á hreinni eign | (62) | 7 | (4) | (5.372) |
| Hrein eign í upphafi árs | 1.605 | 116 | 83 | 102.039 |
| Hrein eign í lok tímabils | 1.543 | 123 | 79 | 96.667 |

Yfirlit um breytingar á hreinni eign verðbréfasjóða í slitiferli

| | <u>Sjóður 1A</u> | <u>Sjóður 1B</u> | <u>Sjóður 11A</u> | <u>Sjóður 11B</u> | Samtals sjóðir í slitiferli |
|---|------------------|------------------|-------------------|-------------------|--|
| Rekstrarhreyfingar | | | | | |
| Hagnaður tímabilsins færður á hlutdeildarskírteini | 249 | 386 | 64 | 118 | 817 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | | | |
| Útgreiðslur | (170) | (264) | (18) | (33) | (485) |
| Fjármögnunarhreyfingar alls | (170) | (264) | (18) | (33) | (485) |
| Hækkun á hreinni eign | 79 | 123 | 46 | 85 | 332 |
| Hrein eign í upphafi árs | 697 | 1.079 | 85 | 157 | 2.018 |
| Hrein eign í lok tímabils | 776 | 1.202 | 130 | 242 | 2.350 |

1. Starfsemi

Íslandssjóðir hf. er hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög, laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði nr. 128/2011.

Árshlutareikningur Íslandssjóða skiptist í A-hluta og B-hluta. A-hlutinn fjallar um rekstur félagsins sjálf en B-hlutinn fjallar um sjóði í rekstri Íslandssjóða. Verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir tilheyra B-hluta og hafa heimild til að gefa út hlutdeildarskríteini gegn viðtöku fjár frá almenningi, til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum eftir ákveðinni fjárfestingarstefnu.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur verðbréfasjóða Íslandssjóða hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að skráð verðbréf eru metin á markaðsverði. Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum. Verðbréfasjóðir Íslandssjóða eru hluti af Íslandssjóðum hf. sem er dótturfélag Íslandsbanka hf. Vegna eðlis starfsemi sjóðanna er árshlutareikningur þeirra ekki hluti af árshlutareikningi bankans.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Umsýsluþóknarir

Sjóðirnir greiða Íslandssjóðum hf. umsýsluþóknun sem er ætlað að standa undir launum starfsmanna félagsins, markaðskostnaði og umsýslu við rekstur sjóðanna. Þóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs sem hér greinir:

| | Almenn kjör Flokkur A | Sérkjör Flokkur B |
|--|--------------------------|----------------------|
| Sjóður 1 A og B, skuldabréf | 1,0% | 0,5% |
| Ríkisskuldabréf - Sjóður 5 | 0,9% | 0,4% |
| Úrvalsvísitala - Sjóður 6 | 0,8% | 0,5% |
| Löng ríkisskuldabréf - Sjóður 7 | 0,9% | 0,4% |
| Sjóður 11 A og B, fyrirtækjabréf | 0,8% | 0,4% |
| Heimssafn - Sjóður 12 | 1,5% | 1,5% |
| Ríkissafn | 0,7% | 0,4% |
| Eignasafn | 0,5% | 0,5% |
| Veltusafn | 0,4% | 0,3% |
| Eignasafn - Ríki og sjóðir | 0,5% | 0,5% |
| Lengri skuldabréfasjóðurinn | 1,0% | 1,0% |
| Alþjóða virðissjóðurinn | 1,5% | 1,5% |
| Alþjóða vaxtarsjóðurinn | 1,5% | 1,5% |

Til viðbótar framangreindri þóknun greiða sjóðirnir hlutdeild í sameiginlegum rekstrarkostnaði rekstrarfélagsins og sjóðanna.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

| | Meðalgengi tímabilsins | | Lokagengi | |
|-----------------------------|------------------------|--------------------|-----------|------------|
| | 1.1.-30.6. 2013 | 1.1.-30.6. 2012 | 30.6.2013 | 31.12.2012 |
| Evra (EUR) | 162,96 | 163,10 | 160,65 | 169,33 |
| Bandaríkjadalur (USD) | 123,99 | 125,72 | 123,00 | 128,43 |

Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn miðað við virka vexti.

Arður

Arður er færður þegar krafa um hann myndast. Fjármagnstekjuskattur vegna arðs af erlendum hlutabréfum er dreginn frá arðstekjum í rekstrarreikningi.

Gengismunur

Gengismunur er óinnleystur hagnaður eða tap af fjárfestingareignum. Matsbreytingar fjárfestingareigna sem og gengismunur erlendra mynta er færður í rekstrarreikningi þegar krafa um hann myndast.

Fjárfestingar

Fjármálagerningar sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metnir á markaðsverði í lok júní 2013. Virði annarra fjármálagerna er háð mati rekstrarfélags að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu, áætluðu endurheimtuhlutfalli og aðstæðum á markaði í lok tímabilsins.

Hlutabréf sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metin á markaðsverði í lok júní 2013. Óskráð hlutabréf eru færð á síðasta þekkta viðskiptaverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra.

Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt skráðu kaupgengi sem gilti í lok júní 2013.

Bundin innlán hjá lánastofnunum eru uppfærð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í lok júní 2013.

Þar sem óvissa ríkir um endurheimtuvirði bréfa þeirra fyrirtækja sem farin eru í þrot og virði óseljanlegra bréfa metið út frá rekstraraðstæðum hvers félags, byggir verðmat á eignum sjóðanna á varfærum forsendum um endurheimtur.

Skattamál

Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfunum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skulu skattleggjast hér á landi.

Skýringar

3. Yfirlit um hreina eign sjóða í rekstri

Ríkisskuldabréf - Sjóður 5

| | Markaðsverð | Hlutfall af hreinni eign |
|--|--------------------|---------------------------------|
| Íbúðabréf | 16.849 | 50,0% |
| Spariskírteini ríkissjóðs | 8.842 | 26,3% |
| Ríkisbréf og víxlar | 5.829 | 17,3% |
| Arion banki hf. - innlán | 1.508 | 4,5% |
| Heildarverðmæti fjárfestinga | 33.028 | 98,1% |
| Handbært fé | 386 | 1,1% |
| Aðrar eignir | 321 | 1,0% |
| Aðrar skammtímaskuldir | (56) | (0,2%) |
| Hrein eign samtals | 33.679 | 100,0% |
| Hlutfall skammtímaskulda af heildareignum sjóðs | | 0,2% |

Markmið sjóðsins er langtímahækkun eigna með því að fjárfesta í ríkisskuldabréfum eða öðrum fjármálagerningum tengdum skuldabréfum.

Úrvalsvisitala - Sjóður 6

| | Markaðsverð | Hlutfall af hreinni eign |
|--|--------------------|---------------------------------|
| Marel hf. | 168 | 32,9% |
| Össur hf. | 89 | 17,3% |
| Hagar hf. | 87 | 17,0% |
| Icelandair Group hf. | 73 | 14,3% |
| Eimskipafélag Íslands hf. | 61 | 11,9% |
| Reginn hf. | 30 | 5,9% |
| Heildarverðmæti fjárfestinga | 508 | 99,3% |
| Handbært fé | 4 | 0,7% |
| Aðrar eignir | 1 | 0,1% |
| Aðrar skammtímaskuldir | (0) | (0,1%) |
| Hrein eign samtals | 512 | 100,0% |
| Hlutfall skammtímaskulda af heildareignum sjóðs | | 0,1% |

Markmið sjóðsins er að ná sömu ávöxtun og Úrvalsvisitala NASDAQ OMX Iceland með vægisþaki (OMXI6 Cap ISK) að teknu tilliti til kostnaðar.

3. Yfirlit um hreina eign sjóða í rekstri (framhald)

Löng ríkisskuldabréf - Sjóður 7

| | Markaðsverð | Hlutfall af hreinni eign |
|--|--------------------|---------------------------------|
| Íbúðabréf | 26.969 | 69,2% |
| Spariskírteini ríkissjóðs | 9.141 | 23,5% |
| Ríkisbréf og víxlar | 1.875 | 4,8% |
| Húsbréf | 414 | 1,1% |
| Heildarverðmæti fjárfestinga | 38.399 | 98,6% |
| Handbært fé | 591 | 1,5% |
| Aðrar eignir | 19 | 0,0% |
| Aðrar skammtímaskuldir | (59) | (0,2%) |
| Hrein eign samtals | 38.950 | 100,0% |
| Hlutfall skammtímaskulda af heildareignum sjóðs | | 0,2% |

Markmið sjóðsins er langtímahækkun eigna með fjárfestingum í íbúðabréfum og húsbréfum, spariskírteinum ríkissjóðs, öðrum skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs eða öðrum fjármálagerningum tengdum skuldabréfum.

Heimssafn - Sjóður 12

| | Markaðsverð | Hlutfall af hreinni eign |
|--|--------------------|---------------------------------|
| Vanguard Global Enhanced Equity Fund | 144 | 19,3% |
| Skagen Global Fund | 140 | 18,6% |
| Vanguard Global Stock Index Fund | 139 | 18,6% |
| Sparinvest Global Value Fund I | 133 | 17,8% |
| Henderson SICAV Global Focus Fund | 79 | 10,6% |
| Vanguard US500 Stock Index Fund | 53 | 7,1% |
| Kauphallarsjóðir | 57 | 7,6% |
| Heildarverðmæti fjárfestinga | 745 | 99,6% |
| Handbært fé | 4 | 0,5% |
| Aðrar eignir | 0 | 0,0% |
| Aðrar skammtímaskuldir | (1) | (0,1%) |
| Hrein eign samtals | 749 | 100,0% |
| Hlutfall skammtímaskulda af heildareignum sjóðs | | 0,1% |

Heimssafnið er sjóðasjóður sem hefur það að markmiði að skila fjárfestum langtímahækkun eigna með fjárfestingum í erlendum hlutabréfum eða öðrum fjármálagerningum tengdum erlendum hlutabréfum og er stefnt að því að ná hærri ávöxtun en heimsvísitala Morgan Stanley Capital International. Á meðan reglur Seðlabanka Íslands um gjaldeyrismál heimila ekki fjárfestingar í fjármálagerningum í erlendri mynt geta fjárfestar eingöngu fjárfest í fjármálagerningum í erlendri mynt ef um endurfjárfestingu er að ræða. Því er ekki hægt að kaupa hlutdeildarskírteini í Heimssafninu á meðan núgildandi reglur Seðlabanka Íslands um gjaldeyrismál eru í gildi.

Skýringar

3. Yfirlit um hreina eign sjóða í rekstri (framhald)

| Ríkissafn | | |
|--|---------------|--------------------------|
| Ríkisskuldabréf og innlán fjármálastofnana | Markaðsverð | Hlutfall af hreinni eign |
| Ríkisbréf | 5.492 | 35,0% |
| Íbúðabréf | 2.551 | 16,3% |
| Spariskírteini ríkissjóðs | 825 | 5,3% |
| Húsnæðisbréf | 72 | 0,5% |
| Arion banki hf. - innlán | 2.782 | 17,7% |
| MP banki hf. - innlán | 1.411 | 9,0% |
| Landsbankinn hf. - innlán | 1.001 | 6,4% |
| Íslandsbanki hf. - innlán | 800 | 5,1% |
| Heildarverðmæti fjárfestinga | 14.934 | 95,1% |
| Handbært fé | 771 | 4,9% |
| Aðrar eignir | 9 | 0,1% |
| Aðrar skammtímaskuldir | (16) | (0,1%) |
| Hrein eign samtals | 15.699 | 100,0% |
| Hlutfall skammtímaskulda af heildareignum sjóðs | | 0,1% |

Markmið sjóðsins er langtímahækkun eigna með fjárfestingum í ríkisskuldabréfum eða öðrum fjármálagerningum tengdum ríkisskuldabréfum og innlánnum fjármálafyrirtækja.

| Veltusafn | | |
|--|--------------|--------------------------|
| Innlán fjármálastofnana, ríkisbréf og víxlar | Markaðsverð | Hlutfall af hreinni eign |
| Ríkisbréf | 617 | 16,3% |
| Ríkisvixlar | 595 | 15,8% |
| Skuldabréf fjármálafyrirtækja | 265 | 7,0% |
| Vixlar fjármálafyrirtækja | 157 | 4,2% |
| Spariskírteini | 34 | 0,9% |
| Húsnæðisbréf | 7 | 0,2% |
| MP banki hf. - innlán | 655 | 17,3% |
| Arion banki hf. - innlán | 629 | 16,7% |
| Landsbankinn hf. - innlán | 551 | 14,6% |
| Íslandsbanki hf. - innlán | 200 | 5,3% |
| Heildarverðmæti fjárfestinga | 3.710 | 98,3% |
| Handbært fé | 67 | 1,8% |
| Aðrar eignir | 1 | 0,0% |
| Aðrar skammtímaskuldir | (4) | (0,1%) |
| Hrein eign samtals | 3.774 | 100,0% |
| Hlutfall skammtímaskulda af heildareignum sjóðs | | 0,1% |

Markmið sjóðsins er að skila jafnri og stöðugri hækkun eigna með fjárfestingu í innlánnum og víxlum fjármálafyrirtækja ásamt víxlum eða öðrum skammtímaverðbréfum gefnum út af eða með ábyrgð íslenska ríkisins.

3. Yfirlit um hreina eign sjóða í rekstri (framhald)

| Eignasafn | Markaðsverð | Hlutfall af hreinni eign |
|--|-------------|--------------------------|
| Spariskírteini ríkissjóðs | 131 | 17,5% |
| Löng ríkisskuldabréf - Sjóður 7 | 117 | 15,7% |
| IS Hlutabréfasjóðurinn | 92 | 12,3% |
| Skuldabréfasafn Íslandssjóða | 85 | 11,3% |
| Ríkisbréf | 44 | 5,9% |
| Íslandsbanki hf. - Covered Bond | 43 | 5,7% |
| Íbúðabréf | 42 | 5,6% |
| Veltusafn | 39 | 5,3% |
| Icelandair Group hf.- hlutabréf | 18 | 2,4% |
| Hagar hf.- hlutabréf | 17 | 2,3% |
| Ríkisskuldabréf - Sjóður 5 | 16 | 2,1% |
| Marel hf.- hlutabréf | 15 | 2,0% |
| Eimskipafélag Íslands hf. - hlutabréf | 13 | 1,8% |
| Tryggingamiðstöðin hf. - hlutabréf | 10 | 1,3% |
| Arion banki hf. - innlán | 26 | 3,5% |
| Heildarverðmæti fjárfestinga | 708 | 94,9% |
| Handbært fé | 36 | 4,9% |
| Aðrar eignir | 3 | 0,3% |
| Aðrar skammtímaskuldir | (1) | (0,1%) |
| Hrein eign samtals | 746 | 100,0% |
| Hlutfall skammtímaskulda af heildareignum sjóðs | | 0,1% |

Markmið sjóðsins er langtímahækkun eigna með fjárfestingum í verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta í innlendum og erlendum skuldabréfum og innlendum og erlendum hlutabréfum eða öðrum fjármálagerningum tengdum verðbréfum. Sjóðnum er jafnframt heimilt að fjárfesta beint í innlendum og erlendum verðbréfum og öðrum fjármálagerningum í samræmi við fjárfestingarstefnu.

Eignasafn - Ríki og sjóðir

| Eignasafn - Ríki og sjóðir | Markaðsverð | Hlutfall af hreinni eign |
|--|-------------|--------------------------|
| Spariskírteini ríkissjóðs | 216 | 26,6% |
| Löng ríkisskuldabréf - Sjóður 7 | 145 | 17,8% |
| Ríkisskuldabréf - Sjóður 5 | 139 | 17,0% |
| Ríkisbréf | 78 | 9,5% |
| Íbúðabréf | 76 | 9,4% |
| Veltusafn | 55 | 6,8% |
| Arion banki hf. - innlán | 88 | 10,9% |
| Heildarverðmæti fjárfestinga | 797 | 98,0% |
| Handbært fé | 16 | 2,0% |
| Aðrar eignir | 0 | 0,1% |
| Aðrar skammtímaskuldir | (0) | (0,0%) |
| Hrein eign samtals | 813 | 100,0% |
| Hlutfall skammtímaskulda af heildareignum sjóðs | | 0,0% |

Markmið sjóðsins er langtímahækkun eigna með fjárfestingum í verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta í skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs, ábyrgð sveitarfélaga, öðrum skuldabréfum, innlánnum fjármálafyrirtækja og öðrum fjármálagerningum tengdum verðbréfum. Sjóðnum er jafnframt heimilt að fjárfesta beint í innlendum og erlendum skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs eða sveitarfélaga og innlánnum fjármálafyrirtækja.

Skýringar

3. Yfirlit um hreina eign sjóða í rekstri (framhald)

| Lengri skuldabréfasjóðurinn | Hlutfall af | |
|--|--------------|---------------|
| | Markaðsverð | hreinni eign |
| Íbúðabréf | 814 | 52,8% |
| Spariskírteini ríkissjóðs | 332 | 21,5% |
| Ríkisbréf og víxlar | 223 | 14,5% |
| Arion banki hf. - innlán | 100 | 6,5% |
| Heildarverðmæti fjárfestinga | 1.469 | 95,2% |
| Handbært fé | 78 | 5,0% |
| Aðrar eignir | 0 | 0,0% |
| Aðrar skammtímaskuldir | (4) | (0,3%) |
| Hrein eign samtals | 1.543 | 100,0% |
| Hlutfall skammtímaskulda af heildareignum sjóðs | | 0,3% |

Markmið sjóðsins er langtímahækkun eigna með fjárfestingum í skuldabréfum útgefnum af eða með ábyrgð ríkissjóðs.

| Alþjóða virðissjóðurinn | Hlutfall af | |
|--|-------------|---------------|
| | Markaðsverð | hreinni eign |
| Cazenove Intl. Fund PLC | 14 | 11,0% |
| Aberdeen Global-World Eq. | 12 | 9,8% |
| DWS Invest-Top Divd - LC | 11 | 9,2% |
| Robeco US Premium Equity | 11 | 8,8% |
| Fondak | 10 | 8,2% |
| Cvs Corp. | 10 | 7,9% |
| Schroder Intl. Selection Fund | 9 | 7,0% |
| General Electric Co. | 8 | 6,4% |
| Sparinvest Global Value R | 7 | 6,1% |
| Health Care Select Sector SPDR | 7 | 6,0% |
| Microsoft Corp. | 6 | 4,8% |
| Consumer Discretionary Select | 3 | 2,5% |
| Consumer Staples SPDR | 3 | 2,5% |
| Coca Cola Company | 2 | 2,0% |
| Caterpillar Inc. | 2 | 1,7% |
| Materials Select Sector SPDR | 2 | 1,3% |
| Heildarverðmæti fjárfestinga | 117 | 95,2% |
| Handbært fé | 6 | 4,9% |
| Aðrar eignir | 0 | 0,0% |
| Aðrar skammtímaskuldir | (0) | (0,1%) |
| Hrein eign samtals | 123 | 100,0% |
| Hlutfall skammtímaskulda af heildareignum sjóðs | | 0,1% |

Alþjóða virðissjóðurinn fjárfestir fyrst og fremst í sjóðum sem fjárfesta í traustum og þekktum fyrirtækjum víðsvegar um heiminn. Sjóðurinn flokkast sem virðissjóður. Markmið sjóðsins er að gera betur en viðmiðunarsíتان MSCI Value. Á meðan reglur Seðlabanka Íslands um gjaldeyrismál heimila ekki fjárfestingar í fjármálagerningum í erlendri mynt geta fjárfestar eingöngu fjárfest í fjármálagerningum í erlendri mynt ef um endurfjárfestingu er að ræða. Því er ekki hægt að kaupa hlutdeildarskírteini í Alþjóða virðissjóðnum á meðan núgildandi reglur Seðlabanka Íslands um gjaldeyrismál eru í gildi.

3. Yfirlit um hreina eign sjóða í rekstri (framhald)

| Alþjóða vaxtarsjóðurinn | Markaðsverð | Hlutfall af hreinni eign |
|--|-------------|--------------------------|
| Henderson Pan Euro Equity Fund | 8 | 10,0% |
| Aberdeen GI-Asia Pac. Eq-A2 | 8 | 9,7% |
